

REGLUR
um breytingu á reglum nr. 643/2011,
um meistaranám við félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

1. gr.

III. liður 15. gr., um inntökuskilyrði, orðast svo:

Góður árangur í grunnnámi er skilyrði fyrir inntöku í MS-nám. Almennt er krafist BA- eða BS-prófs í hagfræði eða annars sambærilegs prófs. Nemendur sem hafa lokið BA-prófi, BS-prófi í hagfræði með viðunandi árangri eða sambærilegu prófi í öðrum greinum geta, að undangengnu mati deildarinnar, fengið inngöngu í 60 eininga diplómanám við hagfræðideild. Meistaránámsnefnd ákveður hvaða námskeið hver nemandi þarf að taka á grundvelli fyrra náms og reynslu umsækjanda. Nemendur sem ná góðum árangri í námskeiðum diplómanámsins geta sótt um inngöngu í MS-nám. Séu slíkir nemendur teknir í MS-nám, kemur til greina að hluti námskeiða í diplómanámi verði metinn sem hluti af námi til MS-prófs, þó aldrei þau námskeið diplómanáms sem nemandi er falið að taka vegna skorts á nauðsynlegum grunni í rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, stærðfræði eða tölfraði. Gerð skal grein fyrir matinu í bréfi til umsækjenda vegna inntöku. Meistaránámsnefnd metur hvert tilvik í samræmi við verklagsreglur um mat á fyrra námi.

Deildin getur sett frekari reglur um mat námskeiða.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, eru settar með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af hagfræðideild og stjórn félagsvísindasviðs, að fenginni umsögn Miðstöðvar framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 18. janúar 2012.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.